

Bláskógabyggð  
Sólveig Olga Sigurðardóttir  
Félagsheimilinu Aratungu  
801 Selfoss

Reykjavík, 14. október 2024  
UST202409-150/E.S.F.  
10.04.02

## **Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 - Frístundabyggð í landi Úteyjar 2**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 13. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 í landi Úteyjar-2.

Í greinargerð kemur fram að með breytingu þessari sé verið að endurskoða landnýtingu innan jarðarinnar miðað við þá þekkingu og reynslu sem landeigendur hafa öðlast á síðustu áratugum.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að vestan Laugarvatnsvegar, á frístundasvæði F21, verði 7,8 ha. lands ofan við núverandi frístundabyggð breytt úr frístundabyggð í landbúnaðarland. Jafnframt að 8,6 ha. lands meðfram Laugarvatnsvegi að vestan fari úr frístundabyggð í landbúnaðarland. Austan vegar verða síðan skilgreind þrjú ný frístundasvæði alls 22,6 ha. Eftir þessa breytingu er heildaraukning frístundahúsasvæða í Útey-2 samtals 9,6 ha.

Þessu til viðbótar er staðsetning á vatnsbóli (VB5) og efnisnámu (E25) leiðrétt.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi verkefnið 17. apríl 2023 og 14. febrúar 2024.<sup>1</sup>

### **Votlendi**

Í greinargerðinni með aðalskipulagsbreytingunni kemur fram að núverandi frístundasvæði (F21) vestan við Mýrar- og lyngheiði verði eftir breytinguna skilgreint sem landbúnaðarsvæði og að þar sé að finna votlendi.

---

<sup>1</sup> [Umsögn Umhverfisstofnunar 17. apríl 2023](#) og [Umsögn Umhverfisstofnunar 14. febrúar 2024](#)

Umhverfisstofnun bendir á að einn liður í aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftlagsmálum er verndun kolefnisríks jarðvegs og gróðurs í skipulagi, þ.á.m. votlendi. Í því samhengi er brynt að koma í veg fyrir frekari framræslu votlendis.<sup>2</sup>

Auk þess má geta að votlendi hafa margvísleg gildi og má skipta mikilvægi þeirra upp í þrjá flokka:

- Vatnsfræðilegt gildi: Í miklum rigningum taka votlendissvæði til sín vatn en miðla því frá sér í þurrkatíð. Þannig viðhalda votlendissvæði jöfnu rennsli í ám og lækjum sem er mikilvægt fyrir þær lífverur sem þar búa.
- Næringarfræðilegt gildi: Mýrar geyma verulegt magn kolefna sem verða til við niðurbrot jurtaleifa. Breytingar á t.d. hitastigi og vatnsborði mýra geta valdið aukinni losun kolefnis sem getur haft áhrif á heimsvísu.
- Vistfræðilegt gildi: Votlendi er mikilvægt búsvæði fugla og plantna og fjölmargar tegundir byggja tilvist sína á því. Votlendi getur þannig aukið verulega líffræðilega fjölbreytni viðkomandi landsvæðis.<sup>3</sup>

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að við gerð deiliskipulags verði tekið tillit til votlendisvistgerða og að þeim verði ekki raskað.

## Vistgerðir og fuglalíf

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands<sup>4</sup> er innan skipulagssvæðisins (F21) m.a. votlendisvistgerðin starungsmýravist sem er með mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.<sup>5</sup>

## Áhrif á vatn

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem breytingartillagan vitnar í vatnaáætlun og gerir ráð fyrir áhrifum á vatn þarf að fjalla um þau áhrif í greinargerð í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027<sup>6</sup>. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósvatn, strandsjó).

<sup>2</sup> Landnotkun og skógrækt | Aðgerðaáætlun í loftlagsmálum (co2.is)

<sup>3</sup> <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/ramsarsvaedi/um-votlendi/>

<sup>4</sup> <http://vistgerdakort.ni.is/>

<sup>5</sup> <https://www.ni.is/is/midlun/naturuminjaskra/forgangstegundir-fugla>

<sup>6</sup> <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaetlun-2022-2027/>.

Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrirséð er álag á vatn).

Til að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi séu í samræmi við lögin og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun þarf að liggja fyrir mat á áhrifum framkvæmdarinnar á viðkomandi vatnshlot sem leyfisveitandi tekur afstöðu til í leyfisveitingarferlinu. Framkvæmdaraðili þarf að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðabætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem um ræðir til að meta hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum. Sjá nánar á vefsíðu stjórnar vatnamála.<sup>7</sup> Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- Vatnshlotið sem um ræðir, núverandi ástand þess og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðabætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshlotin (sjá töflu á vefsíðu stjórnar vatnamála<sup>8</sup>). Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein eða óbein, á gæðabættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna.
- Mat á því hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin nást ekki).
- Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun bendir á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á vatnshloti skv. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála getur framkvæmdaraðili óskað eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti.

---

<sup>7</sup> [Umhverfisstofnun | Stjórn vatnamála](#)

<sup>8</sup> [Umhverfisstofnun | Vöktunaráætlanir og skipulagning vöktunar \(vatn.is\)](#)

Virðingarfyllst,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

***sérfræðingur***

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***